

# Reykjavíkurborg

## ÁRSHLUTAREIKNINGUR

Janúar - júní 2013



Reykjavíkurborg  
kt. 530269-7609  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



# Reykjavíkurborg

## ÁRSHLUTAREIKNINGUR

### Janúar - júní 2013

#### EFNISYFIRLIT

---

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4 - 5
Yfirlit yfir sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7 - 21



## Skýrsla og áritun borgarstjóra

---

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - júní 2013 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra tímabili. Árshlutareikningurinn er óendurskoðaður og árshlutareikningar B hlutafyrirtækja hafa ekki í öllum tilvikum verið lagðir fyrir stjórnir fyrirtækjanna.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A hluta og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A hluta voru rekstrartekjur 37.930 millj. kr. á tímabilinu, en þar af námu skatttekjur 29.166 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,48%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,2% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki. Rekstrartekjur A og B hluta námu samtals 62.618 millj. kr. á tímabilinu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 1.947 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 3.335 mkr á tímabilinu. Að öðru leyti er vísað í árshlutareikninginn um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

Laun og launatengd gjöld A hluta á árinu voru samtals 19.874 millj. kr., og breyting lífeyrisskuldbindingar nam 1.300 millj. kr.

Heildareignir A og B hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í lok tímabilsins samtals 469.689 millj. kr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 303.777 millj. kr. Eigið fé nam 165.913 millj. kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 8.347 millj. kr.

Þann 1. desember 2012 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 119.632.

Skilanefnd Kaupþings banka hf. hefur höfðað mál á hendur Reykjavíkurborg með stefnu útgefinni 7. október 2012 vegna riftunar Reykjavíkurborgar á gjaldmiðla- og vaxtaskiptaskiptasamningum. Aðaldómkrafa Kaupþings banka hf. á hendur Reykjavíkurborg er 1.819 milljónir kr. með dráttarvöxtum frá 18. nóvember 2008 til greiðsludags að frádreginni innborgun Reykjavíkurborgar 3. apríl 2009, sjá nánar í skýringu nr. 44.

Reykjavík, 29. ágúst 2013.

Borgarstjóri

Jón Gnarr  
borgarstjóri



## Rekstrarreikningur janúar - júní 2013

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Árshlutareikn. jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikn. jan.- júní 2012	Árshlutareikn. jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikn. jan.- júní 2012
<b>REKSTRARTEKJUR</b>	3,24						
Skatttekjur .....		29.166.447	28.294.578	26.915.666	28.691.800	27.956.692	26.463.813
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ...		2.458.502	2.418.685	2.268.134	2.458.502	2.418.685	2.268.134
Aðrar tekjur .....		6.305.473	4.784.731	4.537.117	31.467.863	30.264.964	27.470.063
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<u>37.930.422</u>	<u>35.497.994</u>	<u>33.720.917</u>	<u>62.618.165</u>	<u>60.640.341</u>	<u>56.202.010</u>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>	4						
Laun og launatengd gjöld .....	25	19.873.930	19.331.637	18.428.891	24.340.100	23.740.728	22.467.882
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	25	1.300.000	1.300.000	1.300.000	1.323.705	1.300.000	1.353.786
Annar rekstrarkostnaður .....		16.446.656	16.098.418	14.145.735	21.343.405	22.146.654	18.095.293
Afskriftir .....	9,10,33	1.769.029	1.816.311	1.688.096	6.972.560	7.130.831	7.199.912
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>39.389.615</u>	<u>38.546.366</u>	<u>35.562.722</u>	<u>53.979.769</u>	<u>54.318.213</u>	<u>49.116.873</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		( 1.459.193 )	( 3.048.371 )	( 1.841.805 )	8.638.395	6.322.128	7.085.138
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ..	5,26	( 488.204 )	( 286.358 )	( 965.517 )	( 7.260.791 )	( 4.640.883 )	( 12.555.046 )
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага		( 1.947.397 )	( 3.334.729 )	( 2.807.322 )	1.377.605	1.681.245	( 5.469.909 )
Tekjuskattur .....	19	0	0	0	348.371	( 1.265.355 )	1.020.122
Matsbreyting fjárfestingaefna .....	2,30				430.766		
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага ..	11	0	0	0	( 2.144 )	0	
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga .....		0	0	0	( 336.088 )	0	( 14.521 )
Rekstrarniðurstaða.....	39	<u>( 1.947.397 )</u>	<u>( 3.334.729 )</u>	<u>( 2.807.322 )</u>	<u>1.818.510</u>	<u>415.891</u>	<u>( 4.464.308 )</u>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2013

Eignir	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Árshlutareikn. 30.06.2013	Ársreikningur 2012	Árshlutareikn. 30.06.2013	Ársreikningur 2012
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>					
Óefnislegar eignir:					
Óefnislegar eignir .....	6,28	0	0	1.179.189	1.202.842
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7,9,10				
Fasteignir .....	29- 30	82.518.753	81.653.578	101.585.464	101.872.574
Veitukerfi .....	30	0	0	237.237.271	244.471.382
Fjárfestingaeygnir .....	30	0	0	40.106.329	21.480.394
Gatnakerfi .....	29	10.263.672	10.649.881	11.010.086	11.386.929
Áhöld og tæki .....	29- 30	1.722.881	1.702.286	4.405.746	4.391.133
Leigueignir .....	32	7.899.003	8.161.319	7.899.003	8.161.319
		<u>102.404.309</u>	<u>102.167.063</u>	<u>402.243.898</u>	<u>391.763.731</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	11,36	7.321.892	7.261.107	5.662.875	5.301.019
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	12,38	14.239.374	10.430.036	0	0
Innbyggðar afleiður .....	8,37	0	0	2.817.380	14.150.678
Áhættuvarnarsamningar .....	8	0	0	1.744.492	893.934
Tekjuskattsinnæign .....	19	0	0	5.301.206	3.542.324
Aðrar langtímakröfur .....	12,13,38	1.558.097	1.753.663	9.718.400	12.063.462
		<u>23.119.363</u>	<u>19.444.806</u>	<u>25.244.353</u>	<u>35.951.418</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>125.523.672</u>	<u>121.611.869</u>	<u>428.667.440</u>	<u>428.917.990</u>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>					
Birgðir .....	14	0	0	795.219	716.343
Skammttímakröfur:	13,15				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....		6.092.511	6.835.557	12.898.178	12.067.955
Næsta árs afborg. langtímakr. á eigin ft. ....	38	59.902	65.290	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímakr. ....	38	556.905	438.214	625.010	547.140
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		240.710	156.991	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	0	579.097	251.530
Eignir ætlaðar til sölu .....	31	0	0	4.397.856	4.397.856
Innbyggðar afleiður .....	8,37	0	0	0	587.982
Aðrar skammttímakröfur .....		2.406.181	2.250.370	2.831.215	2.520.655
Handbært fé .....	16	10.006.197	11.764.007	18.895.215	20.861.689
		<u>19.362.406</u>	<u>21.510.428</u>	<u>41.021.790</u>	<u>41.951.150</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>19.362.406</u>	<u>21.510.428</u>	<u>41.021.790</u>	<u>41.951.150</u>
<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>		<u>144.886.078</u>	<u>143.122.297</u>	<u>469.689.230</u>	<u>470.869.140</u>



## Efnahagsreikningur 30. júní 2013

### Eigið fé og skuldir

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Árshlutareikn. 30.06.2013	Ársreikningur 2012	Árshlutareikn. 30.06.2013	Ársreikningur 2012
<b>EIGIÐ FÉ</b>					
Eiginfjárreikningur .....	39	80.360.901	82.308.298	157.565.199	139.733.195
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga .....		0	0	8.347.433	8.197.044
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>80.360.901</u>	<u>82.308.298</u>	<u>165.912.632</u>	<u>147.930.240</u>
<b>SKULDBINDINGAR</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	18,40	13.675.266	13.031.100	14.380.607	13.725.868
Tekjuskattsskuldbinding .....	19	0	0	115.927	145.416
Aðrar skuldbindingar .....		0	0	27.124	23.357
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<u>13.675.266</u>	<u>13.031.100</u>	<u>14.523.658</u>	<u>13.894.641</u>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>					
Langtímaskuldir .....	20,42	25.699.307	24.322.929	235.420.579	248.788.473
Leiguskuldir .....	21,43	11.886.659	11.866.227	11.886.659	11.866.227
Aðrar fjárskuldir .....		0	0	39.230	98.974
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<u>37.585.967</u>	<u>36.189.156</u>	<u>247.346.469</u>	<u>260.753.675</u>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		0	0	3.719.235	4.712.183
Viðskiptaskuldir .....		1.628.002	2.535.658	2.639.755	4.190.874
Innbyggðar afleiður .....	8,37	0	0	549.682	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	42	1.048.566	1.144.261	18.858.498	27.570.628
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	43	533.811	512.953	533.811	512.953
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	40	1.330.000	1.330.000	1.365.200	1.365.200
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		310.584	215.570	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	44-45	8.412.980	5.855.302	14.240.290	9.938.747
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>13.263.944</u>	<u>11.593.743</u>	<u>41.906.471</u>	<u>48.290.584</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<u>64.525.177</u>	<u>60.813.999</u>	<u>303.776.598</u>	<u>322.938.900</u>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS .....</b>		<u>144.886.078</u>	<u>143.122.297</u>	<u>469.689.230</u>	<u>470.869.140</u>

## Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - júní 2013

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Árshlutareikn. jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikn. jan.- júní 2012	Árshlutareikn. jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikn. jan.- júní 2012
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>						
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi.....	( 1.947.397 )	( 3.334.729 )	( 2.807.322 )	1.818.510	415.891	( 4.464.308 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Sölutap (-hagnaður) eigna .....	( 471.773 )	( 325.000 )	( 44.230 )	( 480.407 )	( 329.683 )	( 101.436 )
Reiknaðar afskriftir ..... 33	1.769.029	1.816.311	1.688.096	6.972.560	7.130.831	7.199.912
Verðbætur, afföll og gengismunur ..... 5	442.741	479.369	1.307.411	( 8.092.883 )	781.803	4.054.938
Breyting niðurfærslu langtímakrafna .....	0	0	0	0	0	95.539
Álafleiður .....	0	0	0	12.470.962	0	5.611.227
Matsbreyting fjárfestingaeigna .....	0	0	0	( 430.766 )	0	0
Áhrif dótturfélaga og hlutd. minnihluta ....	0	0	0	338.232	0	14.521
Breyting lífeyrisskuldbindingar ..... 40	1.300.000	1.300.000	1.300.000	1.323.705	1.300.000	1.353.786
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....	0	0	0	( 348.371 )	1.291.527	( 1.016.986 )
Önnur breyting .....	0	0	0	0	1.802.229	( 205.793 )
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>1.092.600</b>	<b>( 64.049 )</b>	<b>1.443.955</b>	<b>13.571.541</b>	<b>12.392.597</b>	<b>12.541.400</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun, (hækkun) .....	0	0	0	( 78.876 )	13.500	( 220.271 )
Önnheimtar tekjur, (hækkun), lækkun .....	1.932.028	0	1.967.232	1.692.660	203.440	532.107
Aðrar skammtímakr. (hækkun) lækkun ....	( 783.644 )	0	30.838	( 3.628.849 )	( 1.036.267 )	( 696.141 )
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....	1.088.873	0	1.405.058	2.867.694	( 66.666 )	2.569.203
<b>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</b>	<b>2.237.257</b>	<b>0</b>	<b>3.403.129</b>	<b>852.630</b>	<b>( 885.993 )</b>	<b>2.184.897</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>3.329.857</b>	<b>( 64.049 )</b>	<b>4.847.084</b>	<b>14.424.171</b>	<b>11.506.605</b>	<b>14.726.297</b>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b> 23						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum ..... 28-32	( 2.827.799 )	( 4.029.500 )	( 2.059.397 )	( 4.844.073 )	( 7.311.224 )	( 4.425.322 )
Greidd gatnagerðargjöld og bygg.réttur .....	1.263.838	325.000	298.064	1.263.838	325.000	358.254
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	29.459	0	84.134	1.077.022	1.863.332	325.409
Breyting á eignarhlutum .....	( 60.786 )	( 43.268 )	( 110.337 )	3.264	( 39.368 )	( 4.628 )
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga .....	0	0	0	0	0	212.968
Langtímakröfur, breyting .....	( 3.412.440 )	( 1.949.251 )	173.603	129.756	( 1.933.714 )	100.844
Aðrar hreyfingar .....	0	0	0	2.506	( 36.000 )	( 2.985 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 5.007.728 )</b>	<b>( 5.697.019 )</b>	<b>( 1.613.934 )</b>	<b>( 2.367.688 )</b>	<b>( 7.131.974 )</b>	<b>( 3.435.461 )</b>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>						
Tekin ný langtímalán .....	1.616.984	1.649.500	1.595.112	7.951.799	4.838.773	2.809.988
Afborganir langtímalána .....	( 1.052.385 )	( 996.086 )	( 847.848 )	( 19.116.590 )	( 13.933.028 )	( 8.995.775 )
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ..... 40	( 655.834 )	( 625.000 )	( 607.472 )	( 668.967 )	( 625.000 )	( 620.585 )
Innborgað hlutafé/aðrar breyt. á eigin fé .....	0	0	0	( 7.247 )	( 31.313 )	( 31.101 )
Skammtímafjármögnun .....	0	0	0	( 989.723 )	0	( 1.979.876 )
Arður .....	0	0	0	( 182.625 )	0	( 51.915 )
Aðrar hreyfingar .....	11.296	105.488	( 64.029 )	0	( 7.500 )	74.640
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>( 79.939 )</b>	<b>133.902</b>	<b>75.762</b>	<b>( 13.013.352 )</b>	<b>( 9.758.068 )</b>	<b>( 8.794.624 )</b>
<b>HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDB. FÉ.....</b>	<b>( 1.757.810 )</b>	<b>( 5.627.166 )</b>	<b>3.308.912</b>	<b>( 956.869 )</b>	<b>( 5.383.437 )</b>	<b>2.496.213</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....</b>	<b>11.764.007</b>	<b>10.769.037</b>	<b>11.797.559</b>	<b>20.861.689</b>	<b>20.861.689</b>	<b>15.743.801</b>
<b>ÁHRIF GENGISBREYTT. Á HANDB. FÉ...</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 1.009.605 )</b>	<b>0</b>	<b>151.552</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS.....</b> 16	<b>10.006.197</b>	<b>5.141.871</b>	<b>15.106.472</b>	<b>18.895.215</b>	<b>15.478.252</b>	<b>18.391.565</b>

## Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma árshlutareikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármöggnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Innifalið í samanteknum árshlutareikningi A og B hluta er árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur, sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur eru;

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru færð óbreytt í samanteknum árshlutareikningi fyrir A og B hluta. Árshlutareikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að teknu tilliti til skýringar nr. 2.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í árshlutareikningi A hluta. Í samanteknum árshlutareikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

### 2. Eignfærsla fjárfestingaeigna

Fjárfestingaeignir í eigu Félagsbústaða hf., sem eignfærðar eru meðal varanlegra rekstrarfjármuna, eru frá og með 1. janúar 2013 metnar á gangvirði en voru áður metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til afskrifta. Breytingar á gangvirði eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikning. Fjárfestingaeignir eru ekki afskrifaðar. Eigið fé A og B hluta þann 1. janúar 2013 hækkar um 18,1 milljarð vegna þessara breytinga. Samanburðarfjárhæðum hefur ekki verið breytt. Samstæðuáætlun 2013 er gerð á grundvelli gangvirðisreikningsskila.

## Reikningsskilaaðferðir

### Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

- Útgjöld eru færð í árs Slutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuféttur seljanda hefur myndast.
- 5. Verðlags- og gengisviðmið**

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árs Slutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er fært í rekstrarreikning.

### *Óefnislegar eignir*

- Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásætlanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

### *Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna*

- Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 millj. kr. gjaldfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigusgreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í ársbyrjun 2010 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A og B hluta sem er gangvirði þeirra á endurmatstæði að frádregnum viðbótur afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmatstæði eru færðar yfir eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaeygnir eru fasteignir Félagsbústaða hf. sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna. Fjárfestingaeygnir eru færðar á gangverði í samræmi við lög um ársreikninga. Við mat á fjárfestingaeygnum er stuðst við fasteignamat Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er fasteignamat gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maí mánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat. Fasteignamatið er framreiknað með vísitölu íbúðarverðs til ársloka. Breytingar á mati fjárfestingaeygna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeygna í rekstrarreikning. Fjárfestingaeygnir eru ekki afskrifaðar.

### *Fjármálagerningar*

- Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhættu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.

---

### *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna*

9. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði.....	25-50 ár
Aðrar byggingar.....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags .....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi.....	5-50 ár
Orkuveitan, framleiðsla.....	5-50 ár
Orkuveitan, hitaréttindi.....	100 ár
Áhöld og tæki.....	3-15 ár

### *Afskriftir leigðra eigna*

10. Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	4-26 ár
-----------------	---------

### *Eignarhlutir í félögum*

11. Í árshlutareikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta Aðalsjóðs í árslok 2001 er þó óbreytt í árshlutareikningnum. Í árshlutareikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflökks.

Í samanteknum árshlutareikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélagi er færð í ársreikninginn. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum sem hafa orðið fyrir virðisryrnun er reiknuð og færð í árshlutareikninginn að undangengnu mati.

### *Langtímakröfur*

12. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánakjör að teknu tilliti til niðurfærslu. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

### *Niðurfærslur krafna*

13. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í árshlutareikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.

---

### *Birgðir*

14. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### *Skammtímakröfur*

15. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

### *Handbært fé*

16. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eignir utan efnahagsreiknings*

17. Lönd og lóðir í eigu A hluta sem ekki eru leigðar út og fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförunum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

### *Skuldbindingar*

18. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á tímabilinu er færð í rekstrarreikning.

### *Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign*

19. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign félaga í B hluta er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

### *Langtímaskuldir*

20. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um.

### *Leiguskuldir*

21. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleiðslna er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti. Lágmarksleiðslnur eru þær leiðslnur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleiðslnu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánakjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

### *Fjárhagsáætlun*

22. Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir tímabilið janúar - júní 2013 er hluti árshlutareikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

### *Yfirlit um sjóðstreymi*

23. Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánsamningi.

## Skýringar, frh.

### Rekstrartekjur

24. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikningur jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013
<b>Skatttekjur</b>				
<i>Útsvar:</i>				
Staðgreiðsla .....	26.642.533	25.711.427	26.642.533	25.711.427
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu .....	(1.416.765)	(1.424.549)	(1.416.765)	(1.424.549)
Hlud Jöfn.sjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra .....	(1.747.956)	(1.736.655)	(1.747.956)	(1.736.655)
	<u>23.477.812</u>	<u>22.550.223</u>	<u>23.477.812</u>	<u>22.550.223</u>
Eftirá álagt útsvar .....	0	0	0	0
Skattbreytingar .....	149.408	(273.696)	149.408	(273.696)
Afskrifaðar skatttekjur .....	(288.123)	0	(288.123)	0
Breyting á niðurfærslu .....	0	0	0	0
	<u>23.339.098</u>	<u>22.276.527</u>	<u>23.339.098</u>	<u>22.276.527</u>
<i>Fasteignaskattar:</i>				
Fasteignaskattur .....	5.437.408	5.494.928	4.962.761	5.157.042
Lóðaleiga .....	548.299	523.124	548.299	523.123
Afskrifaðir fasteignaskattar .....	( 158.358 )	0	( 158.358 )	0
	<u>5.827.349</u>	<u>6.018.052</u>	<u>5.352.702</u>	<u>5.680.165</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>29.166.447</u>	<u>28.294.578</u>	<u>28.691.800</u>	<u>27.956.692</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélga</b>				
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	1.803.756	1.762.063	1.803.756	1.762.063
Framlag vegna sérparfa fatlaðra nemenda o.fl	654.746	656.623	654.746	656.623
	<u>2.458.502</u>	<u>2.418.685</u>	<u>2.458.502</u>	<u>2.418.685</u>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Þjónustutekjur .....	3.325.044	3.421.589	6.685.566	
Eignatekjur .....	7.889.475	7.865.234	8.467.848	
Endurgreiðslur annarra .....	1.396.909	1.133.720	1.489.788	
Aðrar tekjur .....	3.140.114	2.193.668	27.523.949	
Söluhagnaður eigna .....	0	0	7.806	
Milliviðskipti tekin út .....	( 9.446.068 )	( 9.829.481 )	( 12.707.095 )	
	<u>6.305.473</u>	<u>4.784.731</u>	<u>31.467.863</u>	<u>30.264.964</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>37.930.422</u>	<u>35.497.994</u>	<u>62.618.165</u>	<u>60.640.341</u>

### Laun og launatengd gjöld

25. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árshlutareikningur jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013	Árshlutareikningur jan.- júní 2013	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013
Laun .....	16.044.806		19.771.626	
Launatengd gjöld .....	3.840.817		4.587.716	
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>19.885.624</u>	<u>19.331.637</u>	<u>24.359.342</u>	<u>23.740.728</u>
Breyting áfallins orlofs .....	0		162.084	
Millifærð laun / eignfærð laun .....	( 11.694 )		( 181.327 )	
	<u>19.873.930</u>	<u>19.331.637</u>	<u>24.340.100</u>	<u>23.740.728</u>
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	1.300.000	1.300.000	1.323.705	1.300.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>21.173.930</u>	<u>20.631.637</u>	<u>25.663.805</u>	<u>25.040.728</u>

## Skýringar, frh.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

26. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Arður af eignarhlutum .....	71.552	131.811
Ábyrgðargjald .....	418.053	( 32.566 )
Vaxtatekjur og verðbætur .....	919.157	485.173
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 1.702.518 )	( 5.296.539 )
Fjármagnstekjuskattur .....	( 231.872 )	( 236.841 )
Gengismunur .....	37.424	11.975.771
Gangvirðisbreytingar og framvirkir samningar .....	0	( 14.287.599 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	( 488.204 )	( 7.260.791 )

### Heildaryfirlit um rekstur

27. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja borgarinnar greinist þannig:

Aðalsjóður	Árshlutareikningur jan.- júní 2013			Fjárhagsáætlun jan.- júní 2013
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Skatttekjur .....	446.481	32.657.235	( 32.210.754 )	( 31.311.764 )
Framlög til B-hlutafyrirtækja .....	1.190.799	0	1.190.799	1.193.737
Íþrótta- og tómstundasvið .....	3.656.603	508.371	3.148.232	3.225.746
Menningar- og ferðamálasvið .....	1.890.838	112.147	1.778.691	1.822.502
Skóla- og frístundasvið .....	18.772.270	1.884.809	16.887.461	16.599.652
Skrifstofur miðlægrar stjórnáslu .....	1.720.428	650.542	1.069.886	1.257.916
Umhverfissvið og skipulagssvið .....	3.908.532	822.947	3.085.585	2.897.625
Velferðarsvið .....	10.738.035	1.933.149	8.804.886	8.712.995
Sameiginlegur kostnaður .....	2.679.571	272.344	2.407.227	2.386.511
Rekstur málaflokka Aðalsjóðs .....	45.003.557	38.841.544	6.162.013	6.784.919
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	232.349	3.221.265	( 2.988.916 )	( 2.714.939 )
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>45.235.906</b>	<b>42.062.809</b>	<b>3.173.097</b>	<b>4.069.980</b>
<b>A hluta stofnanir</b>				
Eignasjóður .....	5.452.325	9.567.233	( 4.114.908 )	( 3.736.548 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	3.481.228	4.108	3.477.119	3.001.297
Milliviðskipti A hluta .....	( 10.619.786 )	( 10.031.873 )	( 587.912 )	( 0 )
<b>A hluti samtals</b>	<b>43.549.673</b>	<b>41.602.277</b>	<b>1.947.396</b>	<b>3.334.729</b>
